

Tilgangur

Stefnan lýsir áherslum Sjóvá samstæðunnar á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar. Markmið stefnunnar er að stuðla að samþættingu sjálfbærni og samfélagsábyrgðar við starfsemina, að starfsemin uppfylli kröfur sem til hennar eru gerðar og að Sjóvá sé í fararbroddi á þessu sviði.

Umfang

Stefnan nær til allrar starfsemi samstæðunnar, stjórnar, starfsfólks og annarra sem starfa á hennar vegum.

Stefna

Hlutverk Sjóvá er að tryggja verðmætin í lífi fólks.

Stefna Sjóvá er að starfa í sátt við samfélag og umhverfi. Með því að samþætta sjálfbærni og samfélagslega ábyrga starfsemi er stuðlað að arðsemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélag, viðskiptavinum, starfsfólk, hluthafa og aðra hagaðila.

Sjóvá leggur sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins með því að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar með markvissum aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda.

Sjóvá leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja að þjónustan sé aðgengileg og í takt við þarfar og óskir viðskiptavina. Starfsánægja er mikilvæg forsenda ánægðra viðskiptavina. Sjóvá vill með góðum starfsaðstæðum tryggja að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Sjóvá hefur um árabil unnið markvisst að jafnréttismálum og lagt áherslu á að vera í fararbroddi í málaflokknum. Stefna í jafnréttismálum byggir á mannréttindastefnu sem miðar að því að tryggja jöfn laun og tækifæri starfsfólks og fjölbreytileika í samsetningu stjórnar, stjórnenda og starfsfólks. Sjóvá virðir og hefur í heiðri grundvallarmannréttindi.

Sjóvá fylgir í hvívetna þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Leitast er við að stjórnarhættir séu í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti og þær kröfur sem gerðar eru til samstæðunnar sem er eftirlitsskyld og skráð í kauphöll. Sjóvá hefur sett sér stefnu um að vinna gegn hvers konar mútum, spillingu, glæpsamlegri starfsemi og peningaþvætti í öllum viðskiptum.

Hagsældaráherslur Sjóvá snúa að hlutverki Sjóvá sem þjónustufyrirtækis í fremstu röð og trausts vinnuveitanda með heilbrigðan rekstur. Nýsköpun og þróun vöru og þjónustu stuðla að hagsæld og árangri. Sjóvá leggur áherslu á öflugt forvarnarstarf og styður við samfélagið og félagslega grósku meðal annars með styrkjum og markvissu samstarfi.

Leiðir

Vegvísar Sjóvár byggja undir áreiðanleika og gagnsæi starfseminnar. Þeir eru; verum á undan, höfum það einfalt, segjum það eins og það er, verum til staðar. Starfsfólki er skylt að fylgja útgefnum siðareglum samstæðunnar sem eru grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði í viðskiptum.

Í starfsemi Sjóvá er lög áhersla á sanngirni, sjálfbærni og aðgengi. Sett hafa verið markmið um ánægju starfsfólks, ánægju viðskiptavina, þróun stafrænnar þjónustu og samþættingu hennar við persónulega ráðgjöf, sem og samfélagslega ábyrgð.

Áherslur Sjóvár í sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð taka mið niðurstöðu mikilvægisgreiningar auk heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Stöðugt er unnið að því að auka samþættingu þeirra markmiða við starfsemina.

Settir hafa verið fram lykilmælikvarðar sem til viðbótar við aðra rekstrarmælikvarða styðja við árangur á sviði stefnunnar. Einnig eru sett fram markmið sem byggja á niðurstöðum mikilvægisgreiningar sem félagið vinnur með reglubundnum hætti. Greint er frá framvindu markmiða að lágmarki árlega í árs- og sjálfbærniskýrslu.